

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Þórðar Guðmundssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 250.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 7. nóvember 1944.

Nr. 13/1943. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. H/f Miðnes**
(Eggert Claessen hrl.)
gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Dómarar samkvæmt síðasta málslíð 48. gr. laga nr. 80 1938 Kristján Kristjánsson borgarfégeti og Sigurjón Á. Ólafsson alþm. í stað Árna Tryggvasonar borgardómara og Þorsteins Péturssonar skrifstofumanns.

Mál út af kæru um ólögmætt samúðarverkfall.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu 7. maí f. á. af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. H/f Miðnes gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík.

Tildrög máls þessa eru þau, að í janúar 1943 kom til kaupdeilu milli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðnes-hrepps annars vegar og atvinnurekenda suður þar hins vegar, um kaup og kjör verkafólks í landi. Hófst verkfall þar syðra þann 27. janúar 1943 hjá Hraðfrystihúsi Gerðabátanna h/f, Miðnesi h/f, H/f Garði og Útvegsbændafélagi Gerðahrepps.

Verkfall þetta náði fyrst og fremst til verkafólks, er vann almenna verkamannavinnu í landi. En jafnframt tóku þátt í því hlutarmenn ráðnir til vélbáta, er gerðir voru út af nefndum hlutafélögum og félagsmönnum í ofangreindu útvegsbændafélagi, þó engin deila væri um kaup og kjör þeirra. Var stefnandi máls þessa, H/f Miðnes, einn þeirra, sem verkfallið bitnaði á.

Með dómi þessa réttar í málinu nr. 8/1943, uppkveðnum 19. september þ. á., var talið, að óheimilt hefði verið, eins og á stóð, að láta nefnt verkfall ná til hlutarmanna og það því talið ólöglegt að því leyti.

Alþýðusamband Íslands fór með samninga fyrir hönd verklyðsfélagsins í deilu þessari. Þann 23. janúar 1943, eða 4 dögum áður en verkfallið hófst, ritar það verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík og óskar þess, að félagið komi í veg fyrir, að skip, bátar eða bílar nafngreindra atvinnurekenda í Gerða- og Miðneshreppi fái afgreiðslu á félagssvæði Dagsbrúnar, ef til verkfalls komi. Eru síðan í bréfinu taldir upp ýmsir bátar og bílar, þar á meðal tveir bátar stefnanda, m/b Muggur og m/b Muninn. Þann 27. og 29. janúar s. á. tilkynnir svo stjórn Dagsbrúnar ýmsum atvinnurekendum í Reykjavík, að félagið hafi ákveðið að verða við þessari heiðni og telur upp báta þá, skip og bíla, er ekki verði afgreiddir, og voru bátar stefnanda, Muninn og Muggur, taldir meðal þeirra.

Stefnandi telur, að á nefnt afgreiðslubann Dagsbrúnar verði að líta sem samúðarverkfall af hálfu þess félags til styrktar verkfalli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps. Telur hann, að samúðarverkfall þetta sé ólöglegt og byggir þá staðhæfingu sína á því, að ekki hafi um ákvörðun þess verið fylgt ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938, því hvorki hafi farið fram atkvæðagreiðsla um það, hvort verkfall skyldi hefja, né heldur hafi það verið tilkynnt samkvæmt ákvæðum 16. gr. nefndra laga. Hér hafi líka verið um að ræða verkfall til styrktar verkfalli, sem hafi verið ólöglegt að nokkru leyti, og 17. gr. sömu laga þannig verið brotin. Hafi stefndi því gerzt brotlegur við 15., 16. og 17. gr. téðra laga. Til frekari stuðnings því, að hér hefi verið um verkfall að ræða, sem hafi beinzt gegn stefnanda, hefur hann haldið því fram, að bifreið í hans eigu hafi verið neitað um afgreiðslu á benzíni hjá H/f Shell á Íslandi í Reykjavík, og hefur hann lagt fram vottorð, undirritað af 8 verkamönnum hjá nefndu hlutafélagi, um að þeir, samkvæmt ósk félags þeirra Dagsbrúnar, megi ekki vinna að afgreiðslu til H/f Miðness. Telur stefnandi, að stefndi hafi unnið sér tjón með nefndum aðgerðum og sé bótaskyldur gagnvart sér.

Samkvæmt þessu eru dómkröfur stefnanda þessar:

1. Að dæmt verði, að téð samúðarverkfall verkamannafélagsins Dagsbrúnar hafi verið ólöglegt,

2. Að stefndi verði dæmdur til sektargreiðslu vegna hins ólöglega verkfalls,
3. að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur eftir mati dómsins, og
4. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Mótmælir hann því, að ákvörðun Dagsbrúnar um nefnt afgreiðslubann líti ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938. Afgreiðslubönn þess konar sem hér um ræðir séu annars eðlis en verkföll þau og vinnustöðvanir, sem um ræðir í nefndum lögum og líti ekki ákvæðum 15. og 16. gr. þeirra. Ákvæði 16. gr. oftnefndra laga um 7 daga frest eigi t. d. alls ekki við hér, því þau ákvæði eigi aðeins við um félög, sem ætli að knýja fram ákvörðun um kaup og kjör sinna eigin félagsmanna. Þá telur stefndi, að það geti ekki heldur skipt máli hér, þótt verkfall hlutarmanna í umræddri deilu hafi verið dæmt ólöglegt.

Þá hefur hann mótmælt því, að banni Dagsbrúnar hafi í verki verið beint sérstaklega gegn stefnanda og neitar því, að nokkrum bíl frá honum hafi verið synjað um afgreiðslu hjá H/f Shell á Íslandi á afgreiðslu þess í Reykjavík. Hafi hann ekki orðið fyrir neinu tjóni af völdum stefnda.

Ekki verður talið, að ákvörðun verkamannafélagsins Dagsbrúnar um afgreiðslubann á báta þá og bíla, sem greinir í framangreindum bréfum til atvinnurekenda í Reykjavík og tilkynningin til þeirra, geti út af fyrir sig leitt til refsíabyrgðar fyrir nefnt félag og bótaskyldu gagnvart stefnanda, enda þótt bátar hans væru meðal þar talinna farartækja. Gegn mótmælum stefnda verður og ekki talið sannað, að afgreiðslubanninu hafi í verki verið beitt sérstaklega gegn stefnanda. Skiptir þá ekki máli í þessu sambandi, hvort fara þurfti eftir ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938 við ákvörðun margnefnds afgreiðslubanns.

Samkvæmt þessu verður ekki talið, að stefndi hafi gerzt brotlegur við ákvæði nefndra laga vegna aðgerða gagnvart stefnda í sambandi við umrætt afgreiðslubann og ber því að taka sýknukröfu hans til greina að öllu leyti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dráttur sá, sem orðið hefur á því, að mál þetta væri flutt munnlega, stafar af því, að rétt þótti að biða eftir dómum í mál-

unum nr. 5—7/1943, en með þeim var skorið úr um lögmæti verkfalls þess, sem athafnir þær, sem um ræðir í þessu máli, voru stuðningur við.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendafélags Íslands f. h. H/f Miðnes, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 13. nóvember 1944.

Nr. 11/1944. **Læknafélag Reykjavíkur**

(Einar B. Guðmundsson hrl.)

gegn

Sjúkrasamlagi Reykjavíkur

(Gunnar E. Benediktsson hdl.).

Orlofsmál.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 15. sept. þ. á., af Læknafélagi Reykjavíkur gegn Sjúkrasamlagi Reykjavíkur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði, að þeir félagsmenn í Læknafélagi Reykjavíkur, sem vinna læknisstörf fyrir Sjúkrasamlag Reykjavíkur samkvæmt samningi málsaðilja, er gildi tók 1. apríl 1941, eigi rétt til orlofs og orlofsfjár hjá stefnda samkvæmt lögum nr. 16/1943. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst *aðallega* algerrar sýknu af kröfum stefnanda, en *til vara*, að umræddir læknar eigi aðeins rétt til orlofsfjár af hreinum starfslaunum, þ. e. af launum að frádregnum reksturskostnaði. Loks krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Með samningi, sem gekk í gildi 1. apríl 1941, tók stefnandi að sér, svo sem í 1. gr. þess samnings segir: „að veita hluttækum meðlimum S.R. og börnum þeirra alla þá læknishjálp utan spítala, sem S.R. tekur að sér að tryggja.“ Samkvæmt samningi þessum má stefndi „ekki ráða lækna til læknisstarfa við